



Reglugerð um Kjararáð

Landssambands slökkviliðs-
og sjúkraflutningamanna

1. grein.

Skipun KJARARÁÐS

Kjararáð skipa:

1. Stjórn LSS
2. 1 fulltrúi frá hverri atvinnudeild
3. 2 fulltrúar hlutastarfandi
4. Formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna

Formaður félagsins er formaður ráðsins. Einstaklingur í Kjararáði getur setið í Samninganefnd.

2. grein.

Verksvið

Verkefni kjararáðsins er að vera umfjöllunar og ákvarðandi vettvangur fyrir samningseiningar/samninganefndir um allt það er varðar kjaramál og samningagerð félagsmanna.

Einnig getur ráðið fjallað um ákvörðun um vinnustöðvun á grundvelli 28. greinar laga félagsins.

Sú umfjöllun og ákvörðun er lýtur sérstaklega að samningum einstakra samnings-eininga skal miðuð við ákvæði 2. mgr. 12. greinar laga félagsins.

3. grein.

Fundarboðun

Formaður kjararáðs kallar saman kjararáð sé þörf fyrir sameiginlega umfjöllun og eða ákvörðunartöku í þeim málum sem eru á verksviði ráðsins, einnig er honum heimilt að boða til fundar í ráðinu varamenn í stjórn og samningseiningum sem sitja þá fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

4. grein

Um breytingar á reglum þessum gildir sama og um lagabreytingar væri að ræða

Samþykkt fyrst á 2. þingi LSS, 25-27 mars 1994.

Síðast samþykkt á 12. þingi LSS, 11.-13. apríl 2008.